

Nr. 112 / 12 Sighvatur Bjarnason VE 81***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 2281
Smíðaður: Noregur 1975, stál
Stærð: 709 brl. 1153 bt.
Mesta lengd: 68,77 m Skráð lengd: 62,05 m
Breidd: 9,8 m Dýpt: 7,55 m
Vél: Bergen Diesel 2205 kW, 1986
Fjöldi skipverja: 12

Gögn:

Gögn RNS



Sighvatur Bjarnason ©Alfons Finnsson

Málið afgreitt á fundi 22. mars 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 15. ágúst 2012 var Sighvatur Bjarnason VE 81 á togveiðum með flotvörpu á Austfjarðamiðum. Veður: Hægviðri og lítill sjór.

Skipverji var að losa tóg á pokaum þegar belti sem hann var með festist í pokaum. Hann náði ekki að stöðva nótaleggjarann sem hann stjórnaði sjálfur og hífðist upp með pokaum með þeim afleiðingum að hann féll síðan u.þ.b. þrjá metra niður og lenti á vinstri öxl. Siglt var með slasaða til Neskaupsstaðar og var hann handleggsbrotinn.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn var með öryggisbelti af gerðinni TITAN Safety Belt og það var sýlgjan á því sem náði að festast í pokaum;
- að það var neyðarstöðvun á krananum sem stöðvaði hífinguna;
- að þetta hafði ekki gerst áður um borð og ekki var talin ástæða til að gera einhverjar ráðstafanir eða reglur um beltanotkun vegna atviksins.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.